



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. október 2025

SFS25090208

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verkefnið Kveikjum neistann fyrir grunnskóla sem koma verst út í Lesmáli í 2. bekk

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. september 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Bregðast þarf strax við í þeim skólum þar sem þróun lestrarmælinga í 2. bekk er neikvæð. Það verði gert með sérstöku átaki og stuðningi við skólana. Brýnt er að þeir nemendur sem ekki hafa náð aldurssamsvarandi færni fái strax sérstakan stuðning til að ná þeirri færni sem samsvarar aldri þeirra. Mikilvægt er að skoðaðar verði leiðir og aðferðir sem gefist hafa vel í lestrarkennslu á yngsta stigi og því er lagt til að í þeim skólum sem komu verst út í niðurstöðum Lesmáls verði verkefninu Kveikjum neistann komið á laggirnar. Verkefnið snýst um að auðvelda börnum að ná tökum á lestri þar sem markvisst er unnið með kennurum, foreldrum og skólastjórnendum. Í verkefninu er stuðst við bókstafa- hljóða-lestrarkennsluaðferðina ásamt markvissri þjálfun og eftirfylgni í skólanum. Ennfremur er skipulagi skóladagsins breytt þar sem m.a. hreyfing er fyrri hluta dags á hverjum degi og eftir hádegisföstudag fá nemendur svokallaðan þjálfunartíma sem ganga út á að nemendur fái áskoranir í lestri og stærðfræði. Slíkt verkefni hefur verið í gangi með góðum árangri t.d. í Vestmannaeyjum þar sem niðurstöður 1. bekkjar voru mjög jákvæðar eftir fyrsta veturinn.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Bregðast þarf við niðurstöðum Lesmáls vorið 2025 hjá Reykjavíkurborg. Nú þegar er farin í gang vinna með skólum sem eru undir 55% viðmiði. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að lestrarkennsla í fyrstu árgöngum grunnskólans sé markviss og gagnreyndar aðferðir notaðar. Einnig að mönnun á yngstu stigum sé góð og kennarar vel menntaðir. Á því eru einhverjir hnökrar og hefur það áhrif á gæði kennslunnar.

Í skýrslu, dags. júní 2025, varðandi niðurstöður Lesmáls í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2024 kemur fram með hvaða hætti niðurstöður verða nýttar. Fram kemur:

Miðja máls og læsis (MML) býður upp á ráðgjöf til þeirra skóla sem þurfa sérstakan stuðning, þ.e. þar sem fjöldi nemenda sem nær aldursvarandi hæfni í



Reykjavík



lestri er undir 60%. Ráðgjafar MML boða læsisteymi þeirra skóla til fundar ásamt fulltrúum í viðkomandi miðstöð, þar sem farið verður yfir niðurstöður. Út frá þörfum hvers skóla útbýr læsisteymi skólans aðgerðaráætlun m.a. með fræðslu og ráðgjöf frá MML eða öðrum lausnum.

Læsisteymi þeirra skóla sem skara fram úr í prófinu verða einnig boðuð á fund með MML og fulltrúum allra miðstöðva þar sem farið verður yfir vinnubrögð og kennsluhætti læsiskennslu. Það eru skólar þar sem fjöldi nemenda sem nær aldursvarandi hæfni í lestri er 80% eða yfir. Í framhaldi af því verður kynning á þeirra verkefnum fyrir aðra skóla. Markmiðið er að læra af þeim sem gengur betur. Ráðgjafar MML, í samstarfi við miðstöðvarnar, skoða stöðu leikskóla í þeim skólahverfum þar sem niðurstaða Lesmáls er slök en einnig þar sem niðurstaðan er góð. Boðað verður til fundar læsisteyma þeirra leikskóla og MML. Þar verður vinnuskipulag læsis og vinna með eflingu málþroskans rýnd.

Horft verður til hóps fjöltyngdra barna í þeim skólum sem koma slakir út úr prófinu. Þeim skólum verður boðinn sérstakur stuðningur frá MML.

Allir grunnskólar í Reykjavík nota [hljóðaaðferð](#) við lestrarkennslu sem er sú aðferð sem mest hefur verið rannsökuð og er talin árangursríkust, en nálgunin er mismunandi. Ýmist er unnið skv. sundurgreinandi og samtengjandi aðferð eða samtengjandi og sundurgreinandi aðferð. Ekki hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að það hafi áhrif á árangur skólanna hvor leiðin er farin eða hvort aðrar aðferðir eru nýttar samhliða.

Í [aðgerðaáætlun menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027](#) er fjallað um læsi í viðum skilningi og aðgerðir 37– 47 fjalla allar um leiðir til að auka lestur og fjölbreytta vinnu í íslensku í leik- og grunnskólum og frístundastarfi.

Allir grunnskólar í Reykjavík eru í innleiðingarferli vegna leiðsagnarnáms þar sem unnið er m.a. með hugarfar grósku, ástríðu og þrautseigju sem eru einnig meginstoðir í Kveikjum neistann.

Kveikjum neistann hefur farið vel af stað í Vestmannaeyjum og þar hefur náðst að fá alla á árarar, foreldra, skólasamfélagið, fræðsluyfirvöld og ráðamenn. Niðurstöður um góðan árangur byggja á prófum sem samin eru af forsvarsmönnum Kveikjum neistann. Engin próf sem hafa verið stöðluð af Miðstöð menntunar og skólapjónustu hafa verið lögð fyrir frá því verkefnið hófst og því er ekki hægt að leggja mat á árangurinn. Verkefnið er lítið rannsakað og erfitt að leggja mat á hvernig það myndi henta í sveitarfélögum þar sem grunnskólar eru margir og ólíkir.

Skóla- og frístundasvið telur að verkefnið Kveikjum neistann hafi ekki sýnt nægjanlegar vísbendingar um að það stuðli að auknum árangri nemenda í lestri í grunnskólum og því þykir innleiðing verkefnisins ekki fýsileg í þeim skólum sem glíma við áskoranir varðandi læsi.



Reykjavík